



### **101. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. maí 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem var forfallaður vegna veikinda.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 100. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

#### **Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Lögð var fram tillaga að skilti fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar ásamt nýrri endurskoðaðri útgáfu af kortinu af svæðinu.

Kolbrún greindi frá því að Vegagerðin muni setja skiltið upp vorið 2010. Breiðafjarðarnefnd gefst því tími til að kynna skiltið fyrir sveitarfélögunum þegar það liggur fyrir, en ákveðið hefur verið að setja það upp á hafnarsvæði Skykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar. Breiðafjarðarnefnd mun sjá um að sækja um tilskilin leyfi sem til þarf vegna uppsetningar skiltanna.

**Afgreiðsla:** Samþykkt var að gefa sveitarfélögum sem áhuga hafa kost á að kaupa skilti (plötuna) til að setja upp innan viðkomandi sveitarfélags. Breiðafjarðarnefnd samþykkti kortið með nokkrum athugasemdum og var Þórólfi falið að koma athugasemdum á framfæri við Sigurgeir Skúlason, kortagerðarmann.

Nefndarmönnum var falið að fara yfir texta skiltanna sem verður tekinn fyrir á næsta fundi. Þá munu nefndarmenn koma með fleiri myndir sem koma til greina á skiltið.

#### **Samningur um örnefnaskráningar**

Lögfræðingarnir Erla S. Árnadóttir og Sólveig Backman eru að yfirfara samning nefndarinnar og Háskóla Íslands. Kolbrún las upp athugasemdir frá Sólveigu Backman.

**Afgreiðsla:** Málið er áfram í vinnslu.

#### **Atvinnuskapandi verkefni**

Þórólfur las upp tölvuskeyti frá Óskari Leifi Arnarsyni þar sem hann segir frá stöðu verkefnisins. Óskar Leifur hefur þegar hafið störf en til stendur að Dalabyggð ráði annan aðila af atvinnuleysissskrá, helst heimamann til verkefnisins.

**Afgreiðsla:** Verkefnið er að mótast. Gengið verður frá samningi við Dalabyggð þegar búið er að ráða tvo starfsmenn til verkefnisins. Þórólfur mun gera uppkast að samningi.



### **Europark**

Guðríður sagði frá því að hún hafi haft samband við Dan Bloomfield varðandi hugsanlega þátttöku Breiðafjarðarnefndar í Europark (samtök/net verndarsvæða í Evrópu) og óskað eftir ítarlegum upplýsingum. Upplýsingar bárust frá Europark og voru þær kynntar nefndarmönnum.

**Afgreiðsla:** Formaður lagði til að nefndin gerðist ekki aðili að Europark að svo stöddu.

### **Fornleifaskráning í Stykkishólmi 1985 – Umsókn um styrk**

Lagt var fram erindi Guðmundar Ólafssonar fagstjóra fornleifa hjá Þjóðminjasafni Íslands, dags. 12. maí sl.

Í erindinu kemur fram að áhugi sé fyrir því að ráða fornleifafræðing sem er sérhæfður í tölvuteikningum í tímabundið verkefni við að koma teikningum úr fornleifaskráningu í Stykkishólmsbæ á rafrænt form, en til þess skorti fé. Óskað er eftir styrk frá Breiðafjarðarnefnd til að fjármagna verkefnið.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita umbeðinn styrk í verkefnið.

### **Önnur mál**

#### **Kynningarbæklingar um Breiðafjörð**

**Afgreiðsla:** Ritari mun óska eftir tilboði frá Hjá Guðjón Ó um að endurprenta bæklingana **Fuglalíf** og **Breiðafjörður - Náttúra og saga**.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

*Farið var yfir texta og athugasemdir verndaráætlunarinnar.*

**Afgreiðsla:** Yfirferð verður haldið áfram á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur ákveðinn 11. júní nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**